

Himneskt

Jón Kalman Stefánsson

Harmur englanna

Bjartur 2009, 316 bls.

Önnur bókin í þrileik Jóns Kalmans, *Harmur englanna*, tekur við þar sem *Himnaríki og helvíti* endar. Sögusvið, tími og persónur eru á kunnuglegum nótum og „strákurinn“ er áfram sögumaður. Landpósturinn Jens kemur til sögu, nautsterkur og hugaður, ímynd sannrar karlmennsku. Hann ber viðkvæma ást í brjósti, hann er sjóhræddur en óttast ekki manndrápsbyl á heiðum. Þögull og bældur neyðist Jens til að dragnast með strákinn, síspyrjandi bókaorm sem sér sýnir og getur aldrei þagað, þegar hann vildi helst vera einn að berjast á móti storminum og hugsa í friði. Strákurinn hefur kynnst því að til er betra líf en það sem hann lifði áður, það eru til bækur, vinarþel og vitrænar samræður, hann þráir að „Komast burt frá fiskinum, volkinu, heyskapnum, stöðugu og eyðandi erfiði hversdagsins, stöðugum núningnum sem nuddar fólk í sundur fyrir aldur fram, tekur blikuð úr augunum, hitann úr snertingunni (205). Tveir ólíkir menn takast á við hamslaus náttúruöflin og reyna að skilja lífið, feigðin er alltaf yfirvofandi og spennan listilega fléttuð inn í söguna frá upphafi. Þeir félagar eru á ferðinni í fimbulköldum aprílmánuði á „Vetrarströnd“, þeir brjótast milli bæja við illan leik, eru oft næstum orðnir úti, og skila af sér pósti til fólks sem hefur ekki séð til mannaferða í margar vikur. Kotin verða minni og hrörlegri eftir því sem norðar dregur, fátæktin og eymdin vex, fólkíð er vinnulúíð, vondauft og svangt. Samt eru víðast til bækur enda skáldskapur eina andspyrnan sem mark er á takandi (51). *Harmur englanna* snýst ekki síst um orðin og skáldskapinn og hlutverk hans. Höfundur liggur ekki á skoðun sinni: „Hvaða gagn er annars af skáldskap nema það búi í honum magn til að breyta örlögunum?“ (24).

Harmur englanna er í senn ljóðræn, heimspekileg og pólitísk skáldsaga. Hún lýsir lífi forfeðra okkar, baráttu þeirra upp á líf og dauða, í samfélagi sem einkennist af stéttaskiptingu, misrétti og ómanneskjulegum aðstæðum. Brugðið er upp átakanlegum svipmyndum af lífi almúgafólks á Íslandi fyrir hundrað árum og ádeilan er beitt: „... það er stutt í auðmýkt almúgamannsins í okkur flestum. Auðsveipnin virðist inngróin í þjóðina, eins og þrálátur sjúkdómur, dúrar einstaka sinnum niður en tekur sig alltaf upp aftur, og þá gjarnan andspænis auðmagni, þungum húsgögnum, sterkum og ósvífnum valdhöfum. Við erum hetjur við eldhúsborðið, auðsveip í stórum söllum“ (50-51). Stíllinn er seiðandi, myndrænn, ískaldur og tær. Víða eru falleg orð um ástina og lífið, svefninn og hamingjuna, og meitlaðar setningar minna á ljóðlínur: Kvöldið er dökkandi, augu geta verið full af drukknuðum mönnum og hestar hugsa margt, þeir standa næst heimspekingum af öllum dýrum. Í öllum snjónum má sjá för eftir ferðasögur, annála og söguþætti, afreks- og harmsögur; unnið er úr margs konar efnivið og úkoman er magnaður skáldskapur.

Snjór er englatár, harmur englanna, segja Indjánar (sbr. 36); hér er endalaus snjór, myrkur, kuldi og vosbúð á hverri blaðsíðu, það ríkir sorg og dauði en líka fegurð svo maður reynir að treina sér lesturinn, spara við sig til að bókin verði ekki búin alltof fljótt. Eru það herskarar engla sem tala svo ákaft til lesandans í skáletrinu um ljósið, augu sem eru eins og regndropar og hráka djöfulsins? Þriðju og síðustu bókarinnar verður beðið með óþreyju, *Harmur englanna* er himnesk lesning.